



Vinnuskóli sumarið 2022

Reglur og starfskjör

Vinnuskóli fyrir nemendur 7, 8., 9. og 10. bekkjar. Unglingar fæddir 2009, 2008, 2007 og 2006 í 5 vikur.

Vinnuskóli Grundarfjarðarbæjar verður starfræktur sumarið 2022 frá 7. júní til 8. júlí, alls fimm vikur fyrir 7, 8., 9. og 10. bekk grunnskólans. Vinnutími er 6 tímar á dag á virkum dögum, nema á föstudögum, þá er unnið í 5 tíma. . Athugið að mögulega verður viku 6 bætt við frá 11 -15 júlí, ákvörðun um það verður tekin síðar.

Vinnuskólinn er eingöngu ætlaður börnum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða eiga foreldri með lögheimili í sveitarfélaginu.

Vinnuskólinn er sambland af námi og starfi, fræðslu og hvatningu. Vinnuskólinn er fyrsti vinnustaður mjög margra. Þau læra grunnatriði við almenna vinnu, stundvísi, að vinna með öðrum og meðferð og frágang áhalda og tækja. Við leitumst sérstaklega við að vanda fræðslu, efla frumkvæði nemenda og áhuga þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi og að fagna góðu verki.

Þau sem taka þátt í allri dagskrá vinnuskólans fá greidd laun fyrir fræðsludaga. Í lokin verður síðan skemmtilegt lokahóf.

Allir nemendur Vinnuskóla Grundarfjarðarbæjar fá umsögn um frammistöðu sína að sumarstarfi loknu. Atriði sem skipta máli í matinu eru: frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, stundvísi, tillitssemi og samvinna, hæfni til að taka fyrimælum, vandvirkni, afköst og meðferð verkfæra.

Vinnureglurnar okkar:

- *Við mætum stundvíslega til vinnu; á réttum tíma, á réttum stað.*
- *Við fylgjum leiðbeiningum og fyrimælum umsjónarmanns og leiðbeinenda vinnuskólans.*
- *Við sýnum samstarfsfólki okkar tillitssemi og kurteisi.*
- *Við notum ekki gsm-síma á vinnutíma.*
- *Ef við þurfum leyfi þarf það að berast umsjónarmanni vinnuskólans með nægum fyrirvara.*
- *Ef veikindi verða þurfa foreldrar eða forráðamenn að tilkynna þau til Valdísar Ásgeirsdóttir, umsjónarmanns vinnuskólans í síma 862 9952 fyrir kl. 08:30 á veikindadegi.*
- *Við förum vel með verkfæri og eigur bæjarins, og virðum eigur annarra.*
- *Við leggjum sjálf til vinnufatnað og komum til vinnu klædd m.t.t. verkefna og veðurs.*
- *Við höfum ávallt með okkur nesti – förum ekki heim í kaffitíma.*

Auk þess gildir eftirfarandi:

- Dregið er af launum ef mætt er of seint til vinnu.



Grundarfjarðarbær

- Greidd eru laun fyrir fræðsludag ef tekið er þátt í allri dagskrá vinnuskólans.
- Brot á starfsreglum getur þýtt brottvísun, að undangenginni áminningu.
- Umsjónarmaður vinnuskólans veitir áminningar og getur vikið nemendum úr starfi.
- Ítrekuð brot varða brottrekstri úr skólanum.
- Vinnuskólinn er vímuefnalaus vinnustaður – einnig í kaffitímum og á leið til og frá vinnu.

Starfskjör:

Laun og kjör unglinga eru ekki tengd stéttarfélagssamningum.

Unglingar fæddir 2007 eða síðar eru undanþegnir staðgreiðslu skatta.

Unglingar fæddir 2006 þurfa að skila skattkorti og greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.

Framlag reiknast frá næstu mánaðamótum eftir 16 ára afmælisdag.

Unglingar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

Laun með orlofsgreiðslu:

Nemendur í 7. bekk (fæddir 2009) fá 1.100 kr. á tímann.

Nemendur í 8. bekk (fæddir 2008) fá 1.222 kr. á tímann.

Nemendur í 9. bekk (fæddir 2007) fá 1.467 kr. á tímann.

Nemendur í 10. bekk (fæddir 2006) fá 1.711 kr. á tímann.

Útgreiðsla launa fer fram 1. júlí og 1. ágúst 2022.

Orlofsgreiðsla er innifalin í tímalaunum.